

Fjúka vindar?

BÆKUR

Nehéz

Einar Hjartarson er höfundur og gaf bókina út sjálfur. 95 bls. 2006.

Skáldsagan Nehéz segir frá piltinum Arnúlfi sem er á óskilgreindu ferðalagi á landamærum Austurríkis og Ungverjalands og kemur í gistihús nokkurt í afskekktu héraði. Hann dvelur þar um hríð í góðu yfirlæti en brátt dregur til tíðinda og hann þarf að glíma við ráðgátuna um af hverju Jóhann Nehéz, gistihúsaeigandinn þunglyndi, framdi sjálfsmorð. Arnúlfur fer á milli manna í sveitinni til að spyrjast fyrir og hægt raðast brotakennd fjölskyldusaga Nehéz-ættarinnar saman. Um leið glímir hann við heitar tilfinningar sem hann ber til ekkjunnar fögru, Marlísu, sem er óhuggandi eftir fráfall eiginmannsins.

Það verður að segjast eins og er að mikill byrjendabragur er á þessu verki. Málfar er undarlega útlenskuskotið og í rauninni fyrir neðan allar hellur. Víða er orðtökum og orðasamböndum ruglað svo herfilega saman að mest minnir á Bibbu á Brávallagötunni. Tíðanotkun er ómarkviss og myndmálið harla kauðskt: „Rigningunni virtist aldrei ætla að linna, hún skvettist á rúðuna og bjó til slettur sem láku eilíflega niður hana aftur og aftur. Og niðri við vellina byrjuðu vindar að fjúka og skekja grasstráin til og frá alveg eins og ósýnilegir drekar flygju þar um, rekast á skakkbyggða trégirðinguna handan við húsið og strjúka lafunum á trjánum sem stóðu þarog urðu að myndarlegum skógarreit við hólana í suðaustri“ (7). Auk þess er lettrið í bókinni alltof lítið og stafsetningarvillur margar. Sagan er þvælin og reikul, persónurnar óspennandi og samtölin lifna varla á vörum þeirra. Reynt er að flétta innflytjendavandamál og ábyrgð á flóttafólki inn í söguna en sá góði tilgangur helgar ekki meðalið. Ekki virkar heldur þæling sögunnar um hefðir og vana fólksins í dalnum andspænis nýjum straumum og breyttum heimi. Ævintýrið gengur ekki upp, ástarsagan er þurr og tilþrífalítill, draugar birtast og hverfa án nokkurs tilgangs og lausnin er einföld og ódýr. Ádeila á stríðsrekstur og skeytingarleysi um örlög meðbræðranna týnist í öllu kraðakinu. Og ljóðin í sögunni bæta ekki úr skák.

Nehéz hefði þarfnast miklu meiri undirbúnings og yfirlegu og mun vandaðri vinnubragða í hvívetna. Fyrstu skáldsögur ungra höfunda bera oft með sér eitthvað nýtt, snefil af frumleika og djörfung eða einhvern skáldskaparneista. Það vottar ekki fyrir því í þessari bók.

Steinunn Inga Óttarsdóttir

<http://steinunninga.wordpress.com/>